

## SIÐAREGLUR STJÖRNUNNAR



Markmið félagsins með siðareglum er að veita félagsmönnum sínum almennar leiðbeiningar í leik og starfi. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Siðareglurnar skulu vera hvetjandi og leiðbeinandi í senn og skal kynna öllum félagsmönnum.

### *Iðkandi (yngri) - Þú ættir að:*

Gera alltaf þitt besta.

Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum.

Taka þátt í íþróttum ánægjunnar vegna en ekki vegna þess að foreldrar þínir eða þjálfari vilja það.

Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum.  
Præta ekki eða deila við dómara.

Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opinn gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni.

Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.

Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.  
Vera ávallt stundvís á æfingar og keppnir.

## SIÐAREGLUR STJÖRNUNNAR



### *Iðkandi (eldri) - Þú ættir að:*

Gera alltaf þitt besta.

Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem mótbyr.

Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair play) í íþróttum.

Hafa heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðast að taka áhættu varðandi heilsu þína og neyta aldrei ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn.

Virða alltaf ákvarðanir dómara og annarra starfsmanna leiksins.

Bera virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.

Forðast neikvæð ummæli eða skammir.

Vera heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig.

Taka sjálfur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska.

Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan, og hafa hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.  
Samþykkja aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.

Forðast nán persónuleg samskipti við þjálfara þinn.